

Starfsreglum sameiginlegs skólaráðs Álfaborgar og Valsárskóla

Starfsreglur sameiginlegs skólaráðs Álfaborgar og Valsárskóla eru í samræmi við reglugerð um foreldraráð í leikskólum og skólaráð við grunnskóla nr. 1157/2008 og setur skólaráð sér starfsreglur:

Skólaráð fundar 2-3 sinnum á ári kl. 14:15 á miðvikudögum. Dagsetningar koma fram í starfsáætlun beggja skóla að hausti. Skólastjórn boðar aðalfulltrúa í skólaráði saman á fund með 10 virkra daga fyrirvara með dagskrá. Skólaráð skipar fundarstjóra og ritara í upphafi skólaárs. Fundargerðir skólaráðs eru birtar á heimasíðu skólanna.

Fulltrúar starfsfólks og kennara í skólaráði fá rými á starfsmannafundum og kennarafundum til að segja frá starfi skólaráðs. Fulltrúar nemenda í skólaráði kynni starf þess á fundi nemendaráðs. Verklag er á ábyrgð skólastjóra.

Helstu verkefni:

- Fjallar um skólanámskrá og aðrar áætlanir.
- Hefur yfirsýn um aðstöðu og velferð nemenda.
- Fjallar um skólareglur.
- Fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti, öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari málsgrein og veitir umsögn sé þess óskað.
- Tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar sé þess óskað.
- Fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar.
- Tekur þátt í að ræða stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið.